



Hafnarfjörður

Jólaborpið í Hafnarfirði – hlutverk og framtíðarsýn

Jólaborpið í Hafnarfirði er jólamarkaður að evrópskri fyrirmynd á vegum Hafnarfjarðarbæjar sem hefur sett sinn svip á mannlífið í miðbæ Hafnarfjarðar á aðventunni í tuttugu ár. Upphaflega var markmið Jólaborpsins að auka verslun og líf, skapa gleði á aðventunni og vera viðbót í flóru verslana og viðburða í bænum. Á undanförunum árum hefur Hafnarfjörður slegið í gegn sem „jólabærinn“ og laðað gesti alls staðar frá.

Gildi Jólaborpsins eru upplifun, verslun, veitingar.


Hlutverk Jólaborpsins er að taka vel á móti Hafnfirðingum og gestum á öllum aldri. Jólaborpið hefur jákvæð áhrif á ímynd Hafnarfjarðar og lífgar upp á miðbæinn á aðventunni með því að bjóða upp á einstaka menningarupplifun með fjölbreyttum viðburðum sem tengjast jólahefðum Íslendinga. Þá styður Jólaborpið við verslun í heimabyggð með því að vera kærkomin viðbót í flóru verslana og veitingastaða í bænum á aðventunni og tengir saman neytendur og framleiðendur fjölbreyttra gæðavara.

Framtíðarsýn Jólaborpsins er að heimsókn í einstakt og hlýlegt umhverfi jólabæjarins skilji eftir góðar minningar og verði ómissandi hluti af jólum landsmanna, jafnt Hafnfirðinga og gesta. Jólaborpið er hjartað í jólabænum Hafnarfirði og áhersla er lögð á að það eflist á hverju ári með ýmsum viðbótum í takt við tíðarandann hverju sinni sem Hafnfirðingar geta verið stoltir af.

Rýnihópur jólaborpsins

Hafnarfjarðarbær hefur opnað Jólaborp á Thorsplani á hverju ári í desember frá 2003. Jólaborpið hefur fest sig í sessi og hefur Hafnarfjarðarbær einkaleyfi á nafninu Jólaborp. Að tillögu menningar- og ferðamálanefndar var ákveðið að stofna rýnihóp Jólaborpsins á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 10. október 2019. Meginverkefni rýnihópsins var að styðja og vera ráðgefandi við verkefnið Jólaborpið til tveggja ára, þ. e. 2019 og 2020 en vegna heimsfaraldurs teygðist á starfi hópsins fram á árið 2022.

Hafnarfirði 3. maí 2022


Guðbjörg Ódýný Jónasdóttir
formaður


Sigurbjörg Anna Guðnadóttir


Ingvar Jónsson


Einar Bárðarson


Páll Eyjólfsson

Með hópnum störfuðu framkvæmdastjóri Markaðsstofu Hafnarfjarðar, fyrst Ása Sigríður Þórisdóttir og síðar Thelma Jónsdóttir, og Andri Ómarsson verkefnastjóri menningar- og markaðsmála hjá Hafnarfjarðarbæ sem var ritari hópsins.



Hafnarfjörður

Aðgerðaáætlun Jólaborpsins 2022-2025

Aðgerðaáætlun Jólaborpsins kallast á við meginmarkmið Hafnarfjarðarbæjar í [heildarstefnu Hafnarfjarðar til ársins 2035](#) og stefnumarkandi áherslur sveitarfélagsins 2022-2025. Númer í sviga vísa í viðkomandi stefnumarkandi áherslur.

Hreyfing og heilsa

Stuðla að aukinni nýtingu á Hellisgerði með því að skreyta útivistarsvæðið fyrir jólin (8).
Gera íbúum á öllum aldri kleift að stunda hreyfingu og heilsusamlega útivist á Hjartasvellinu (9).

Blómlegt atvinnulíf

Efla matarmenningu og framboð á matvælum matarfrumkvöðla (11).
Vera í góðu samstarfi við fyrirtæki og einkaaðila um að leggja eitthvað til í formi upplifunar fyrir gesti Jólábæjarins um allan bæ (14).

Lifandi byggð

Efla sérkenni bæjarins með því ýta undir upplifun og blómlega verslun fyrir íbúa og gesti á aðventunni (16).
Hlúa að áframhaldandi uppbyggingu og sérstöðu miðbæjarins með því að Jólaborpið og tengdir viðburðir haldi áfram að breiða úr sér með fjölgun jólahúsa og auknu verslunarrými (19).

Vistvænt samfélag

Leggja áherslu á sjálfbæra þróun og upplifun, mat og drykk sem hafa skýra tengingu við jólahefðir landsmanna (20).
Leggja minni áherslu á óþarfa og sóun og huga að aukinni endurvinnslu og flokkun sorps (22).

Öflugt menningarlíf

Færa viðburðahald á fleiri staði utan- og innandyra í bænum (27).
Kanna möguleikann á því að bjóða upp á jólasýningar fyrir börn og fjölskyldur þeirra í menningarhúsum bæjarins (27).
Fjölga kvöldopnunum með áherslu á að koma til móts við breiðari hóp gesta (27).
Efla bæinn sem viðkomustað með þeim sem kallast á við jólahefðir landsmanna (29).
Hlúa að mörkun Jólaborpsins gagnvart ólíkum markhópum til að styðja við kröftuga markaðssetningu (30).

Menntun fyrir alla

Virkja sköpunarkraft bæjarbúa með það að leiðarljósi að Hafnirfjarðingar eigi sjálfir stóran hlut í Jólábænum með því að skreyta, koma fram og tengjast viðburðinum með einum eða öðrum hætti (32).

Markviss þátttaka

Framkvæma árlega könnun á viðhorfi gesta og söluaðila (40).

Skilvirk þjónusta

Auka skilvirkni í móttöku, afgreiðslu og vinnslu rafrænna umsókna frá söluaðilum (41).
Tryggja skilvirka upplýsingagjöf um Jólaborpið með útgáfu jólablaðs og koma dagskránni í Hafnirfjarði á framfæri á einum stað á vef Hafnarfjarðarbæjar (42).